

## AUGLÝSING um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, við Lakagíga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 frá 26. mars 2003.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Núverandi verslunar- og þjónustusvæði (V10) við Blágil verður dvalarstaður landvarða og tjaldsvæði.
2. Gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði (V11) á Galta, þar sem nú er óbyggt svæði með hverfisvernd. Þar verður upplýsingamiðstöð með móttöku landvarða og snyrti-aðstaða, en ekki gistiðstaða.
3. Gert er ráð fyrir nýjum tengivegi frá Galta að vegslóða vestan við Laufbalavatn og þaðan eftir núverandi vegslóða að Miklafelli.
4. Núverandi vegslóði um þróng og torfarin gil við Blæng fellur brott.
5. Gert er ráð fyrir nýrri reiðleið sem fylgi tengiveginum frá Galta að reiðleið vestan við Laufbalavatn.
6. Gert er ráð fyrir nýjum gönguleiðum frá þjónustuhúsi/upplýsingamiðstöð á Galta að Blágiljum og að Tjarnargíg.
7. Ný gönguleið er skilgreind af Lakagígavegi rétt vestan við Blágil og í Hrossatungur.
8. Gönguleið sem þverar Skaftá færist frá kláfi sunnan Sveinstinds suður fyrir Uxatinda á göngubrú yfir Skaftá. Megingönguleiðin er því færð fjær viðkvæmu svæði við Kamba.

Samkvæmt fyrilliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 2. febrúar 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Logi Kjartansson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 17. febrúar 2009